



# Skólapúlsinn – nemendakönnun í október 2015


## Samantekt á niðurstöðum

Skólapúlsinn mældi viðhorf nemenda í október 2015.

Eins og áður var spurt spurninga bæði lokaðara spurninga í þremur meginflokkum, virkni nemenda, Líðan og heilsu, og loks skóla og bekkjaranda. Svo komu opnar spurningar þar sem nemendur máttu láta flakka allt sem þeim finnst gott eða slæmt. Í lokin var svo spurt um Námfús og skiptingu matarhlésins.

Í Lokuðu spurningunum kom oftast fram að Garðaskóli væri svipaður og landið og því ekki mikið meira um það að segja hér. En þar sem helst munaði eða kom fram sem áhugaverð niðurstaða er það sem ég ætla að segja frá aðeins.

Í fyrsta flokknum, Virkni nemenda kemur fram athyglisverð þróun hvað varðar ánægju af lestri og virðist sem ánægja sé að aukast í Garðaskóla, bilið hefur minnkað milli skólans og landsins jafnt og þétt. Ánægjan er svipuð milli kynja en bilið í heild hefur minnkað úr 0,8 stigum á skalanum í 0,2.




Mynd 1.3. Ánægja af lestri – ársmeðaltöl.

Í öðrum hluta lokaðra spurninga, Líðan og heilsa, kemur helst fram að ...

Hreyfing nemenda í Garðaskóla mælist aðeins meiri en á landinu. Stúlkur í 9.bekk hreyfa sig um 11% meira en landsmeðaltalið, aðrir minna, og það eru því þær sem halda uppi heiðrinum því ef borin er saman hreyfing í fyrra og núna sést að landið mælist bara rúmum 2% neðar en Garðaskóli í stað 7,5% áður. Minni hreyfingu nemenda í Garðaskóla virðist vera um að kenna.




Mynd 2.1, 9.bekkur sker sig úr:



Mynd 2.1. Hreyfing – árgangamunur

Sjálfsálit nemenda í Garðaskóla mælist einnig yfir landsmeðaltali, nemendur 9.bekkjara virðast skera sig úr hvað það varðar með 1,1 stig yfir landinu, en í heild er skólinn svipaður og áður.


Stjórn á eigin lífi er eitthvað sem nemendur okkar virðast upplifa að sé að minnka. Sérstaklega áberandi er staðan í 10.bekk miðað við landið þar sem það forskot sem skólinn hefur haft er nánast horfið. Mynd 2.3 sýnir sem við tökum í þessari mælingu. Hefur fólk hugmyndir um ástæður þessa? Námsmatið nýja, meiri kröfur í framhaldsskóla...annað?



Mynd 2.3. Stjórn á eigin lífi – Ársmeðaltöl




Einelti mælist áfram marktækt minna í Garðaskóla en á landinu, það mælist aðeins meira á landinu en í fyrra meðan við stöndum í stað svo bilið er að aukast ef eitthvað er. En fáir svöruðu þessum lið reyndar svo það má ekki taka því sem óhrekjanlegri staðreynd. Mynd 2.5 sýnir ársmeðaltöl sem sýna að Garðaskóli er alltaf vel undir landinu, sem er jákvætt.



Mynd 2.5. Tíðni eineltis - ársmeðaltöl


Í þriðja flokknum, Skóla og bekkjaranda, kemur fram fimmta árið í röð að nemendur Garðaskóla meta gildi heimanáms mun minna en landmeðaltalið gerir



Mynd 3.1. Mikilvægi heimavinnu í náminu – Ársmeðaltöl.



9.bekkurinn er næst meðaltali landsins en 8. og 10.bekkur eru lægri, allir árgangar og bæði kyn eru mun lægri en landið, eins og sést á mynd 3.3. Í 8.bekk munar 0,9 stigum, 0,6 í 9.bekk en 1,1 í 10.bekk. Svo bilið eykst töluvert í 10.bekk:



Mynd 3.3. Mikilvægi heimavinnu í náminu – Árgangamunur.

## Opnar spurningar:

### Andinn í skólanum og frelsið

Það kemur fram hjá mörgum að þeim líði vel í skólanum, það sé gott að finna fyrir meira frelsi en áður í fyrri skólum, sem virðist vera töluverð breyting fyrir þá og sem felst í því að mega vera inni í frímínútum, vera með tæki á sér, hafa aðgang að netinu, en einnig að þau fái að ráða ýmsu sjálf í náminu og taka ábyrgð á sjálfum sér þó að skólinn geri kröfur.

Einn nemandi kemst svo að orði:

*„Mér finnst gott að við höfum meira frelsi og að hlutirnir hérna eru ákveðnari en í gamla skólanum mínum“*

Það að hafa aðgang að aðstoð ef eitthvað bjátar á í námi eða persónulega er mjög jákvætt finnst þeim.

*„Kennararnir eru góðir og kenna námsefnið vel. Skólinn er með góða námsráðgjafa sem veita manni alla þá hjálp sem við þurfum. Það er boðið upp á skemmtileg og fjölbreytt valfög. Ég held að mörgum nemendum í skólanum líði vel“*

En eins og hefur komið fram í fyrri könnunum þá heyrst enn að 10.bekkingar eru frekari en aðrir og ryðjist fram úr þeim yngri. Það er þó alls ekki eins áberandi og áður. Sumum finnst að starfsfólk skólans megi hlusta betur á nemendur. Sumum finnst of mikill hávaði í tímum og þá finnst þeim erfiðara að einbeita sér og læra.



## Félagslífið

Félagslífið og Garðalundur fær góða umsögn frá nemendum. Þó heyrast raddir um meiri fjölbreytni, t.d. street hockey í gryfjunni, en mun meira ber á jákvæðni en neikvæðni í ummælum nemenda.

## Kennarar og kennsla

Margir nefna í umsögnum sínum að kennarar skólans séu góðir, skemmtilegir, skilningsríkir og hjálpsamir, kennslan sé markviss og góð og mikill metnaður sé hjá þeim fyrir því að nemendur standi sig vel. Námið er ekki of erfitt finnst nemendum. Þeim finnst gott þegar kennarar ræða við þá um námsefnið og eru „með þeim í liði en ekki á móti“, hlusta á þá, og þeim finnst gott ef hægt er að vera ekki svo niðursokkin í námið að ekki gefist tími til að brosa aðeins, nemendur læri betur þar sem brosað er. Það er líka jákvætt að hafa fleiri en einn kennara, og ekki er verra að það eru „bæði karla og konu kennarar“. Margar tímar eru mjög áhugaverðir og skemmtilegir. Nemendur segja m.a.:

*„Gott starfsfólk, kemur vel fram við mann, er hjálpsamt og er mjög skilningsríkt...gott umhverfi...stuðlað að vellíðan hjá krökkunum“.*

Um kennara er sagt sérstaklega:

*„Kennararnir vilja að manni liði vel í skólanum og er ekki sama.“*

Neikvæðar raddir tala um of mikið álag, of mikið heimanám og of mörg próf og verkefni sem þarf að standa skil á og það vanti betri samræmingu milli kennara hvenær próf og verkefnaskil eru. Þeir sem eru í íþróttum eða tónlistarnámi eigi ekki svo mikinn tíma eftir fyrir mikið heimanám líka. Stærðfræði er nefnd nokkrum sinnum sem grein með mikið álag/heimanám.

Kennarar fá líka þá umsögn að ef kennarar megi aðeins róa sig, ekki æsa sig of mikið. En nemendur benda sjálfir á að stundum sé pirringur í kennurum vegna hávaða nemenda sjálfra sem trufla allt og alla. Einn nemandi tekur mörg af þessum atriðum vel saman:

*„Mér finnst oft vera alltof mikið heimanám. Eina viku er kannski ekkert að gera en þá næstu 4 verkefni, 2 próf og líka heimanám. Mér finnst að það eigi að vera meira samræmi á milli kennara þannig að öll próf séu ekki alveg á sama tíma og mér finnst líka bara alltof mikið af prófum og litlum verkefnum sem verður að fara mikil vinna í en þau gilda nánast ekkert.“*



## Námsgreinar og ferðakerfið

Fram kemur hjá nemendum að þeim finnst vera fjölbreytt og góð valfög og einnig er bæði ánægja með að námið er sniðið að þörfum nemenda og það val sem er um listgreinaáfangar og íþróttir. En einnig kemur fram sú rödd að íþróttir eigi að vera valfag, svo maður geti sleppt því því sumir nemendur kvíði hreinlega fyrir hverjum tíma.

Loks komu fram skiptar skoðanir um matsöluna og aðstöðu nemenda, sumt er gott en annað ekki eins gott.

## Tvær Opnar Aukaspurningar

Sú fyrri var um hversu vel eða illa þeim líkaði að nota Námfús.

Jákvæðar og neikvæðar raddir.

Jákvætt er að Námfús er þægilegur í notkun; gott að hafa allt á einum stað, sem sagt stundatöflu, mætingamálin, póst og heimanámið; Námfús sé fín og vel upp sett síða sem sé betri og þægilegri en mentor enda létt að læra á og finna allt og þar sé fleiri upplýsingar að finna en í Mentor.

Neikvæðu sögðu að Mentor væri skipulagðari og betri, að Námfús sæist ekki á öllum símum, upp kæmu hvítleiðar villur í kerfinu þannig að hann virkar ekki.

Í heildina má segja að meira beri á jákvæðum röddum en neikvæðum sem er öfugt við í fyrra. Hér koma nokkur svör nemenda:

*„Það er gott að sjá heimavinnuna og einkunir á námfús.“*


*„Það er gott að tékka hvað maður fékk í prófum og heimanám og alskonar“*

*„Það er hægt að sjá hver á afmæli og hægt að merkja lokið þegar maður er búinn með heimanámið.“*

Ekki eru þó allir sáttir með hve auðvelt er að finna allar upplýsingar, „*því þar getur mamma og pabbi séð hvað eg a að læra og reka alltaf á eftir mér með heimavinnuna*“.




Mynd 5.1 sýnir árgangamun;



Mynd 5.1 Hversu vel eða illa líkar þér við að nota Námfús? – Árgangamunur

Athyglisvert er að nemendur 10.bekkjar eru óánægðastir með Námfús en nemendur 9.bekkjar ánægðastir. Báðir árgangar fóru þó í gegn um fyrsta árið í notkun Námfús þar sem gekk á ýmsu fyrstu mánuðina. Spurt var á skalanum 1-5 þar sem 1 stendur fyrir að líka mjög illa við Námfús og 5 fyrir að líka hann mjög vel, meðaltal allra nemenda er 4,2 en á sama tíma í fyrra var þetta meðaltal 3,3. Fyrir ári voru nemendur 9.bekkjar með meðaltalið 3,1 en sömu nemendur sem eru núna í 10.bekk mælast nú með meðaltalið 3,7, svo þeir hafa hækkað um 0,6 sem telst töluverður munur. Eins hafa nemendur hækkað sem voru í fyrra í 8. bekk með meðaltalið 4,0 en eru núna í 9. bekk með meðaltalið 4,1. Nemendur 10. bekkjar fyrir ári síðan voru með meðaltalið 2,5 en núna mælist árgangurinn með 3,7 sem er verulega meiri jákvæðni í garð Námfúss.

Seinni aukaspurningin var um þrískiptingu matarhlésins:



Mynd 5.2. Hversu vel eða illa líkar þér við þrískiptingu matarhlésins? – Árgangamunur

Það er ljóst af opnu svörum að mun minna eða nánast ekkert er kvartað yfir troðningi eða leiðindum vegna annarra eldri nemenda í röðinni að afgreiðslu, sem borið hefur á í fyrri



könnunum. Samkvæmt því hefur þrískiptingin bætt ástandið í matsalnum þar sem, eðli málsins samkvæmt, eru margir svangir sem vilja mat sinn án mikillar tafar.

Í lokin er hér glæra með nokkrum helstu punktum úr þessari samantekt, samantekt á samantektinni. Einelti mælist lágt hér miðað við landsmeðaltal

\*Ánægja af lestri á uppleið hér – vantar æfingu á fleiri aðferðum?

\*Hreyfing nemenda er að minnka – hlutverk skóla og foreldra?

\*„Mikill agi“ en „mikið mas/hávaði“ - Nemendur telja vera mikinn aga í tímum og að kennarar séu mjög metnaðarfullir fyrir þeirra hönd en þó er kvartað yfir of miklu masi í tímum og það sé stundum erfitt að einbeita sér. Í sambandi við það mætti minnast á atriði úr skýringum Skólapúlsins þar sem rætt er um jákvæð tengsl milli aga í tímum og námsárangurs nemenda en að agi í tímum í íslenskum skólum mælist almennt minni en í OECD ríkjunum. Hvað finnst okkur? Getum við bætt aga í tímum? Þarf þess?

\*Stjórn á eigin lífi minnkar – hvað veldur? Aukin pressa um góðar einkunnir, óvissa um einkunnakerfið, margir vilja A, færri skólar úti á landi fyrir marga sem kannski skýrir meiri pressu í þéttbýlinu...

\*Lítið mikilvægi heimavinnu í hugum nemenda – þarf breytingar?

\*Álag – hvað er til ráða? – fækka liðum eða láta ekki vita af námsmati? Vægi og skilningur nemenda á því, jafnmikill undirbúningur hjá sumum fyrir það sem lítið eða ekkert gildir – getum við eitthvað hjálpað til umfram það samráð sem við þó höfum um fjölda prófa á viku?

\*Aukin ánægja nemenda með Námfús – erum við ánægð kennarar? Væri Mentor betri? Af hverju eða af hverju ekki?

\*Þrískipting matarhlés = færri árekstrar í matsal - lítið kvartað yfir röðinni. Þó heyrst eitthvað um frekju 10.bekkinga en það er minna.

*Unnið af Sigurði Stefáni Haraldssyni, desember 2015*